

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 19. ágúst 2024

## Drög að flokkun fimm virkjunarkosta – Mál nr. S-139/2024

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér fyrirbyggjandi drög verkefnisstjórnar rammaáætlunar að flokkun fimm virkjunarkosta og áréttar hér fyrri umsögn með viðbótum vegna þröngs tímaramma í fyrra athugasemdaferli.

Landvernd fagnar löngu tímabærri niðurstöðu um að áformuð virkjun Hamarsár skuli slegin af og lagt til að svæðið verði sett í verndarflokk. Segja má að með þessari ákvörðun hafi tekist að hlífa því takmarkaða svæði sem eftir stendur á Hraunum sem telja má lítt snortið. Fyrir liggur að svæðinu innar á Hraunum, þar sem svokallaðar Hraunaveitur og svo Háslón í framhaldi hafa verið byggð hefur þegar verið raskað stórkostlega vegna virkjana. Eins og fram kemur í skýrslu verkefnisstjórnar liggur fyrir að verðmæti svæðisins er gríðarlega mikið út frá náttúrufari.

Margar rangfærslur hafa komið fram í umræðu sem tengist frekari virkjunum á hálendi Austurlands og þar með talið Hamarsvirkjun. Í öðrum umsögnum sem sjá má hér í samráðsgátt um málið ber t.d. við að því sé haldið fram að viðkomandi umsagnaraðilar kannist ekki við deilur eða að til staðar séu áhyggjur af hugsanlegum klofningi í samfélögunum fyrir austan. Þetta er beinlínis rangt því staðreyndin er sú að í viðtölum við fólk á svæðinu, þegar skýrsla verkefnisstjórnar var unnin, komu skýrt og endurtekið fram áhyggjur um klofning. Hræðsla fólks í samfélaginu um klofning kemur til af biturri og langvarandi deilu vegna langstærstu virkjanaframkvæmda Íslandssögunnar ekki fjarri upptökum Hamarsár. Félagar í Náttúruverndarsamtökum Austurlands og fjölmargir aðrir íbúar á Austurlandi bera enn þann dag í dag sár eftir þær deilur. Í því ljósi eru áform um Hamarsvirkjun ógn við samfélagið og að sama skapi ógn við þann part af Hraunasvæðinu sem nú fær vel að merkja að standa óraskaður.

## Aðgengi að hálendinu og mat á verndargildi svæðisins

Partur af áformum um Hamarsvirkjun felast í því að leggja vegi og brýr langar leiðir inn Hamarsdal yfir ósnortið og einstakt landslag og svo áfram inn á sameiginlegar þjóðlendur á Hraunum. Einn helsti náttúrufarssérfræðingur sem Austurland hefur haft á að skipa, Skarphéðinn Þórisson á Náttúrustofu Austurlands sem lést langt fyrir aldur fram á síðasta ári, vaktaði Hraunasvæðið allt og þekkti eins og lófann á sér.

Hann vaktaði meðal annars allt upptakasvæði Hamarsár um langt árabíl ásamt Hraunasvæðinu öllu og heiðarlendum Austurlands. Enginn einn einstaklingur eða náttúrufræðingur hefur litið þetta áformaða virkjanasvæði oftast augum en einmitt sérfræðingurinn Skarphéðinn sem ferðaðist þar um oftast en ekki á eftirlitsflugi en einnig á jörðu niðri.

Afstaða Skarphéðins til áformaðrar Hamarsvirkjunar var skýr og eindregin, en hann taldi með öllu óhugsandi út frá náttúrufari, landslagi og lífríki að ráðast í virkjanaframkvæmdir á þessu svæði. Þá er rétt að geta þess að það ríkir ekki orkuskortur á Austurlandi enda er þar til staðar mesta raforkuframleiðsla á hvern íbúa í öllum samanburði á heimsvísu.

Stjórn Landverndar fagnar því endurtekið hér að svæði umkringis áformaða Hamarsvirkjun verði nú verndað til framtíðar.

## Ahugasemdir sem bárust við fyrri kynningu

Í ljósi athugasemda sem bárust við fyrri kynningu þessa máls verður stjórn Landverndar að lýsa mikill undrun á athugasemdum verkfræðistofunnar Eflu sem að jöfnu auglýsir sig fyrir að vinna með hlutlægum hætti en segja má að það sé nýlunda að verkfræðistofan Efla sé orðin virkur þátttakandi í athugasemdashrifum inn á samráðsgátt þar sem verkfræðistofan svarar að jöfnu athugasemdum við samhliða umhverfismat í þeim skýrslum sem stofan birtir um einstakar framkvæmdir.

Þá verður ekki látið hjá líða að gagnrýna lögfræðistofuna Sókn og eigendur hennar sem gerir í fyrri umsögn harða atlögu að verklagi faghópa og verkefnisstjórnar með Rammaáætlun vegna þess að einn af fimm kostum, Hamarsvirkjun skuli hafa verið settur í verndarflokk. Alvarleiki athugasemda Jóns Jónssonar sem er annar eigenda lögfræðistofunnar Sóknar sem vinnur fyrir Arctic Hydro / QAIR hefur uppi grófa aðför að sérfræðingum faghópa og verkefnisstjórn. Síðast en ekki síst skal halda því á lofti hér gríðarlega óeðlilegt tengslanet þar sem meðeigandi Jóns Jónssonar í lögfræðistofunni Sókn er Hilmar Gunnlaugsson einmitt sá hinn sami og situr hinu megin við borðið og hefur verið treyst af umhverfisráðherra til að vinna sem formaður í starfshópi sem fer með endurskoðun á rammaáætlun /verndar- og orkunýtingarstefnu stjórnvalda.

Hvernig á að vera hægt að skapa sátt um slíka vinnu þegar lykilmenn sitja allt í kring um borðið. Vekja má athygli á að Hilmar Gunnlaugsson hefur áður setið sem formaður í starfshópi með nýtingu vindorku á Íslandi.

Nú er það ekki Landverndar að skera úr um vanhæfi en ljóst má vera að það getur tæpast verið trúverðugt að lögfræðistofa formanns starfshóps sem er treyst til að leiða af hlutlægni endurskoðun á umgjörð Rammaáætlunar setji fram mjög alvarlegar athugasemdir í garð faghópa og verkefnisstjórnar og beinlínis véfengi heilindi og verklag þeirra sérfræðinga sem þar vinna í dag eftir bestu getu. Landvernd lítur svo á að hér sé um að ræða hreina aðför að rammaáætlun og allur trúverðugleiki vinnunnar fokin út í veður og vind ef ráðherra hyggst halda honum í því hlutverki að stýra þessari vinnu.

Formaður endurskoðunarnefndar um rammaáætlun ætti skilyrðislaust að víkja strax sæti í starfshópi með endurskoðun á rammaáætlun í ljósi þess að einmitt hefur verið lagt upp með að vinnas skuli í rammaáætlun að sátt. Það verður engin sátt að mati Landverndar þegar sama fólkið situr beggja megin við borðið.

Athugasemdir sveitarfélaga á Austur- og Suðausturlandi miða sömuleiðis að því, eins og lögfræðistofan Sókn, að smætta verndargildi þess svæðis sem Hamarsvirkjun var ætlaður staður. Landvernd vill hér fordæma það virðingarleysi sem viðkomandi sveitarfélög og sérhagsmunaaðilar innan svæðisins hafa sett fram um þetta gríðarlega inngríp sem hefði orðið og augljóslega myndi eyða síðustu lítt snortnu og verðmætu fáu svæðum sem eftir standa óröskuð á Hraunasvæðinu.

Það vekur sérstaka athygli að sveitarfélög á Austurlandi skuli leggja fram breytta stefnu um nýtingu raforku í landshlutanum að nú sé megináherslan að styðja við erlend orkufyrirtæki sem stýrð eru af spákaupmönnum sem draga munu alla virðisbætur úr landi. Það að vilja fórn svæði með jafn hátt verndargildi og svæðið sem þeir vilja fara með undir miðlunarlón og stórkostlegt rask eigi að renna í jafnvægisorku til handa öðru erlendu fyrirtæki og síðan enn og áfram í erlenda efnaverksmiðju á Reyðarfirði sem er aðeins á þróunarstigi, er áfelligdómur fyrir sveitarfélög sem ættu fremur að huga að nærsvæðum sínum um uppbyggingu á öðru en frekari orkufrekum iðnaði. Landvernd vill benda viðkomandi sveitarfélögum á að með þessari stefnu um áframhaldandi orkufrekan iðnað á Austurlandi er verið að ganga harkalega gegn staðbundnum smærri iðnaðar- og atvinnulausnum innan svæðisins.

## Hugmyndir í nýtingaráætlun

Landvernd tekur undir með Náttúrufræðistofnun sem fram kemur í fyrri umsögn þar sem bent er á að mikinn skort á náttúrufræðisráðgjöf á Vestfjörðum, þá sérstaklega jarðminjar og fuglalíf.

Varðandi þá virkjanakosti sem þar sem skortir á viðamiklar rannsóknir væri eðlilegt að velja slíkum virkjanakostum stað í biðflokki þangað til fullnægjandi rannsóknir hafa átt sér stað. Rannsóknir á náttúrufari og lífríki eru grundvallaratriði sem ber að hafa í öndvegi við ákvarðanir og skal þá varúðarreglu beitt þangað til rannsóknum er lokið. Landvernd leggur því áherslu á að þar sem mikilvægar rannsóknir skortir skuli velja biðflokk í stað nýtingar. Náttúrufræðistofnun metur hinsvegar að Hamarsvirkjun eigi að fara í verndarflokk á grunni þess að þar hefur farið fram viðeigandi úttekt á svæðinu að teknu tilliti til allra þátta sem leggja þarf til grundvallar mati og flokkun kosta. Hamarsvirkjun er því frá hendi Náttúrufræðistofnunar metin með mjög hátt verndargildi.

## **Virkjunarkostir á Vestfjörðum**

Virkjunarkostirnir þrír á Vestfjörðum, Skúfnadalsvirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun og Tröllárvirkjun virðast vera með nokkuð áþekka heildareinkunn að mati faghóps 1 á verðmæti náttúrufars. Þessir virkjanakostir í heildarmati eru ekki svo fjarri mati á Hamarsvirkjun og ættu því að sinni að falla undir biðflokk einmitt og ekki síst í ljósi þess að þeir kostir þarfnast nánari skoðunar, það er því mjög stór ákvörðun að fella þá alla undir nýtingaflokk. Ekki verður látið hjá líða að minnast á að víðernin sunnan Drangajökuls eru víðfeðm og lítt snortin og teljast með stærri víðernissvæðum utan miðhálandis Íslands og því er verndargildi út frá víðernum mjög hátt á landsvísu.

Í ljósi mats Náttúrufræðistofnunar, sem Landvernd telur mikilvægt að styðjast við í ljósi sérfræðiþekkingar þeirra á svæðinu, tekur Landvernd undir að nefndar virkjanir á Vestfjörðum myndu valda umfangsmikilli og útbreiddri röskun á víðernum á Vestfjarðakjálkanum. Landvernd er einnig mjög andsnúin öllum tilburðum til að ráðast inn á friðlýst svæði í Vatnsfirði / Vatnsdalsá.

## **Bolalda - jarðvarmavirkjun**

Um er að ræða lítt raskað náttúruminjasvæði í nágrenni við útivistarsvæði auk þess sem að áformin eru á mikilvægu vatnsverndarsvæði sem hefði þurft frekari umfjöllun um ásamt öðrum þáttum. Eins og fram kemur í athugasemdum Veitna þá liggur auk þess fyrir að virkjun Bolöldu er háð umtalsverðri óvissu hvað varðar áhrif á önnur svæði sem þegar hafa verið nýtt til jarðhita. Í þessum efnum verða að eiga sér stað ítarlegri rannsóknir svo engum vafa sé undirorpið að ekki sé verið að ganga um of á jarðhitaforða sem jarðfræðingar margir hverjir hafa varað við vegna of mikils ágangs.

Landvernd lítur svo á að 4 af 5 virkjanakostum séu flokkaðir í nýtingu sé of mikil áhersla á nýtingu í ljósi þess að varúðarnálgun virðist ekki hafa verið beitt sem skyldi og má þar nefna ekki síst Bolöldu og eins að virkjunarkostir á Vestfjörðum hafa ekki hlotið nægilega umfjöllun varðandi heildstæða sýn og samlegðaráhrif þeirra virkjana sem þar eru flokkaðar í nýtingu sem sannarlega munu hafa að óbreyttu umtalsverð og neikvæð áhrif á ósnortin víðerni á viðkomandi svæðum.

*Með vinsemd og virðingu*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir,  
Formaður Landverndar*